

Skútustaðahreppur
Guðrún María Valgeirs dóttir,
sveitarstjóri
Hlíðavegi 6
660

Umhverfisstofnun
Áb.
15. ágú. 2011
10.4.2
Tilv.



Reykjavík, 10. ágúst 2011
Tilvísun: UST20110500097/ksj

Aðalskipulag Skútustaðahrepps 2010 - 2022. Áfangaskýrsla 1. Forsendur Lýsing skipulagsáætlunar, verkáætlun. Áfangaskýrsla 3. Aðalskipulag Skútustaðahrepps 2010 - 2021. Umsögn

Vísað er til erindis sveitarstjóra Skútustaðahrepps er barst 12. maí sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um Áfangaskýrslu 1, forsendur sbr. ákvæði í 30 gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og áfangaskýrslu 3: Lýsing skipulagsáætlunar, verkáætlun.

Unnið er að endurskoðun á gildandi aðalskipulagi Skútustaðahrepps 1996 - 2015. Meginástæða endurskoðunar aðalskipulagsins eru ný lög nr. 97/2004 um verndun Mývatns og Laxár í Suður Þingeyjarsýslu. Nýtt aðalskipulag mun taka til alls sveitarfélagsins.

Aðalskipulag Skútustaðahrepps 2010 - 2022. Áfangaskýrsla 1. Forsendur.

Samgönguáætlun

Í umfjöllun um landsáætlanir, nánar tiltekið samgönguáætlun kemur fram að hjá Vegagerðinni liggi fyrir drög að breytti veglinu hringvegar og nýrri brú á Jökulsá á Fjöllum, sem ekki eru í samgönguáætlun. Umhverfisstofnun mun taka afstöðu til ofangreindra breytinga þegar staðsetning brúar og breyting á veglinu liggur fyrir.

Stefnumið stjórnvalda

Í umfjöllun um stefnumið stjórnvalda og umfjöllun um hvaða atrðið í stefnumiðum stjórnvalda „*Velferð til framtíðar*”, kemur fram að stjórnvöld stefni að því að íbúar landsins búi við heilnæmt andrúmsloft og að loftmengun af völdum iðnaðar og umferðar verði haldið í lágmarki. Þar sem stefnt er að aukningu í virkjun háhita í landi sveitarfélagsins Skútustaðahrepps telur Umhverfisstofnun mikilvægt að fram komi endurskoðuðu aðalskipulagi hvernig áætlað er að bregðast við aukinni mengun brennisteinsvetnis þannig að loftmengun verði ekki meiri en stjórnvöld stefna að.

Landnotkun

Í áfangaskýrslu er umfjöllun um svæði sem eru frátekin vegna mögulegrar náttúrvárár, vatnsverndar, og friðunar- og verndarákvæða vegna náttúrufars og menningarminja. Í skýrslunni eru þessi skipan á landnotkun talin vera takmörkun á landnotkun. Umhverfisstofnun bendir á að friðun og vernd svæða vegna sérstæðs náttúrufars er ekki takmörkun á landnotkun heldur er það ein tegund landnotkunar.


Friðlýst svæði


Umhverfisstofnun bendir á að vegna undanþágu frá reglum er varða Herðubreiðarfriðlandið og varða menningarminjar t.d.: „*Við (friðlýstum) rústum má enginn hrófla*” , þarf að fá leyfi hjá Fornleifavernd ríkisins.

Að öðru leyti gerir Umhverfisstofnun ekki athugasemdir við Áfangaskýrslu 1 Forsendur

Lýsing skipulagsáætlunar, verkáætlun. Áfangaskýrsla 3. Aðalskipulag Skútustaðahrepps 2010 - 2021

Í drögum að stefnu sveitarfélagsins í skipulagslýsingu kemur fram að stefnt er á breytingu á þjóðvegi 1, þ.e. nýrri brú yfir Jökulsá á Fjöllum og breyttri veglínu. Umhverfisstofnun mun taka afstöðu til ofangreindra breytinga þegar staðsetning brúar og breyting á veglínu liggur fyrir.

Vatningaryfylst

Ólafur A. Jónsson
Sviðsstjóri


Kristín S. Jónsdóttir

Skipulagsstofnun